

um breyting á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Leigutekjur af húsnæði barnaskóla og heimangönguskóla gagnfræðaskólastigsins skiptast milli ríkissjóðs og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og aðilar þessir greiða stofnkostnað, sbr. 3. gr. Aðrar tekjur þessara sömu skóla, sem til kunna að falla, skiptast milli ríkissjóðs og sveitarfélaga þannig:

- a. Barnaskóla að þremur fjórðu hlutum til sveitarfélaga og einum fjórða hluta til ríkissjóðs.
- b. Heimangönguskóla gagnfræðastigs að hálfu til sveitarfélaga og að hálfu til ríkissjóðs.

Leigutekjur og aðrar tekjur heimavistarskóla gagnfræðastigsins (héraðsskóla) og húsmæðraskóla renna í hlutaðeigandi skólasjóð til greiðslu á hluta viðkomandi sveitarfélags eða sýslu vegna kostnaðar af viðhaldi og rekstri skólans, að svo miklu leyti sem tekjur þessar hrökkva til.

Menntamálaráðuneytið ákveður heimavistargjöld nemenda í heimavistum að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, sem gerðar skulu í samráði við skólanefnd og fjármálaeftirlitsmann skóla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 10. gr. laga nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

3. gr.

Ákvæði laga þessara skulu gilda um tekjur skóla frá 1. jan. 1957.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta eftir beiðni menntamálaráðuneytisins, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Frv. fylgdi greinargerð svo hljóðandi:

„Árið 1946 voru sett ný fræðslulög. Voru þar gerðar veigamiklar breytingar frá eldri lögum, meðal annars var sýslufélögum ætlað að standa undir rekstrarkostnaði við héraðs- og húsmæðraskóla í ákveðnu hlutfalli á móti ríkissjóði. Sömu aðilum bar einnig að greiða stofnkostnað eftir hlutföllum, sem þar voru tilgreind. Eftir ákvæðum eldri laga um þessa skóla var styrkur úr ríkissjóði og skólagjöld látin nægja til að greiða rekstrarkostnað skólanna.

Ekki var gengið formlega frá því við setningu laganna frá 1946, hvaða sýslufélög tækju þessa skóla að sér. Reyndin varð sú, að einstaka sýslufélög hafa orðið að sjá um tvo skóla, en önnur um engan, jafnframt hafa risið upp í þeim sömu sýslum, er standa að tveim skólum, héraðs- og húsmæðraskólum, nokkrir unglingskólar, sem kostaðir eru af ríki og sveitarfélagi.

Þá hafa einnig verið nokkur brögð að því, að sýslunefndir hafa ekki viðurkennt greiðsluskyldu sína. Af þeim sökum hafa skólarnir átt í miklum fjárhagserfiðleikum, sem hafa hvílt þungt á forráðamönnum þeirra (skólanefnd og skólastjóra). Viðhaldi þessara skóla hefur af þeirri ástæðu verið ábótavant, en hefur síðan valdið þörf á endurbyggingu þeirra fyrr en eðlilegt má telja.

Þá hefur einnig verið á það bent, að skóla þessa sækja nemendur víðs vegar að, og stundum er minnsti hluti nemendanna úr þeim sýslum, er þeir starfa í. Af þeim sökum hefur verið talið óeðlilegt, að jafnmikill kostnaður hvíli á sýslum þeim, er stofnuðu skólana, og lögin frá 1946 gerðu ráð fyrir.

Með lögum nr. 41/1955 voru gerðar nokkrar breytingar á skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga, að því er viðhald þessara skóla snertir. Þótt þau lög hafi verið sýslusjóðum til hagsbóta, hefur því verið haldið fram, að þeim sé um megn að standa stráum af þeim kostnaði, sem á þeim hvílir.

Með þessu frumvarpi er stefnt að því að láta héruðum í té þær tekjur, er falla til vegna skólahalds héraðs- og húsmæðraskóla. Með því að láta héruðin fá í sinn hlut heimavistargjöld nemenda, er að nokkru jafnaður sá mismunur á greiðsluskyldu héraða, sem áður er vikið að.

Með þessu móti er fjárhagur þessara skóla bættur frá því, sem var. Ef rekstrarkostnaður hvílir ekki eins þungt á héruðum og nú er og eðlilegt viðhald er á skólahúsum, mundi sú ótímabæra endurbygging, sem áður er að vikið, væntanlega falla að mestu niður, og ætti þá að vera mun auðveldara fyrir slík héruð að standa stráum af stofnkostnaðarhluta sínum.

Með þessu frumvarpi er stefnt að því að koma til móts við héruðin án þess að íþyngja ríkissjóði um of, jafnframt því sem fjármálum skólanna ætti að vera betur borgið en verið hefur.“